

21.01.2023 (#8 2023-2024) kl. 17:00

Fundurinn fer fram í gegnum fjarfundarbúnað

Mættir eru stjórnarmennirnir **Valerie Maier, Margrét Ágústsdóttir, Sveinn Símonarson, Katrín Pálsdóttir, Hildur Andrjésdóttir** og **Ragnar Fjalar Sævarsson**, sem jafnframt ritar fundargerð. Fjarverandi eru Sædís Jónsdóttir og Margrét J. Magnúsdóttir. Þá situr **Geir Ómarsson** framkvæmdastjóri fundinn.

Valerie Maier stýrir fundinum.

Dagskrá fer fram í samræmi við fundarboð:

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Fjarhagstaða ÞRÍ
3. Príprautaping 2024
4. Staðan á Guðlaugu og hvað er framundan
5. Önnur mál

1. Fundargerð síðasta fundar

Valerie leggur fram fundargerð síðusta fundar og biður stjórnarfólk um að koma með athugasemdir eða staðfesta fundargerðina. Engin athugasemd.

Fundargerð samþykkt

2. Fjarhagstaða ÞRÍ

Margrét Ágústsdóttir fer yfir fjárhagsstöðu ÞRÍ. Ljóst er að meiðsli Guðlaugar Eddu og aðgerð í Bandaríkjunum sem hún fór í á árinu hafa veruleg áhrif á fjárhagssöðu sambandsins en stjórn ÞRÍ samþykkti á árinu 2023 að styðja fjárhagslega við bakið á Guðlaugu Eddu þegar kæmi að kostnaði sem fylgdi aðgerðinni.

Ársreikningur fyrir árið 2023 er væntanlegur fyrir lok janúar eða í byrjun febrúar og boðað er til fundar stjórnar þann 11. febrúar til að fara yfir fjárhagsstöðu sambandsins og ársreikning.

3. Príprautaping 2024

Stefnt er að því að halda Príprautaping þann 6. apríl 2024 í sal ÍSÍ milli klukkan 15:00 – 18:00.

4. Staðan á Guðlaugu Eddu og hvað er framundan

Geir fer yfir stöðuna á Guðlaugu Eddu og plan til að komast inn á Ólympíuleikana í París 2024. Guðlaug Edda er núna í þriggja vikna æfingabúðum á Fuerte Ventura með danska landsliðinu og það gengur mjög vel. Ætlunin er að Guðlaug Edda taki þátt í keppnum nú í vor til þess að freista þess að komast inn á Ólympíuleikana í París 2024.

5. Önnur mál

Engin önnur mál á dagskrá fundarins.

Fundi slitið kl. 18.36

Næsti stjórnarfundur

Lögð fram tillaga að næsta stjórnafund: 11. febrúar 2024.

Samþykkt

Fundargerð yfirfarin og samþykkt án athugasemda af öllum fundarmönnum